

## FRÁSÖGN

af vetrarfundu þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vín 18.–20. febrúar 2015

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Elsa Lára Arnardóttir, formaður, Guðmundur Steingrímsson, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur, ritara. Fundinn sóttu um 250 þingmenn frá 50 ríkjum en að venju funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins með embættismönnum ÖSE, auk þess sem fram fór sameiginlegur fundur málefnanefndanna og fundur vettvangs Miðjarðarhafsríkja (e. Mediterranean Forum). Meginefni vetrarfundarins voru viðbrögð ÖSE við neyðarástandinu í og í kringum Úkraínu, baráttan við hryðjuverk á ÖSE-svæðinu, samstarf til að bæta orkuöryggi og draga úr umhverfislegum og efnahagslegum áskorunum á ÖSE-svæðinu og mannréttindi farandverka- og flóttamanna.

Fyrri sameiginlegan fund málefnanefndanna þriggja ávörpuðu varaforseti ÖSE-þingsins og fulltrúi austurríska þingsins, Christine Muttonen, forseti ÖSE-þingsins, Ilkka Kanerva, og utanríkisráðherra Serbíu, Ivica Dacic, en Serbía tók við formennsku í ÖSE í upphafi árs. Í opunarávarpi sínu sagði Muttonen reynsluna hafa sýnt að ÖSE væri eina stofnunin sem gæti tekist á við ástand eins og nú væri í Úkraínu. Þá vísaði hún í nýlegar hryðjuverkaárásir í París og Kaupmannahöfn og sagði mikilvægt að sýna samstöðu gegn hatri og hryðjuverkum. Kanerva sagði eftirlitssveit ÖSE í Úkraínu afar mikilvægan hluta af Minskerlinu og að eftirlitsmenn stofnunarinnar yrðu að fá leyfi til að rannsaka öll svæði Úkraínu til að geta sinnt hlutverki sínu. Hann víðraði einnig þá hugmynd að fá alþjóðlegt friðargæslulið til starfa í Úkraínu samhliða eftirlitssveit ÖSE. Dacic kynnti formennskuáætlun Serbíu, þar á meðal þegar kemur að málefnum Úkraínu. Hann sagði meginmarkmið formennskunnar að styðja alla viðleitni til að koma á friði í landinu og lofaði bæði þríhliða tengihóp Rússlands, Úkraínu og ÖSE (e. Trilateral Contact Group) sem og svonefndan Bakú-hóp þingmanna sendinefnda Rússlands, Úkraínu og fleiri aðildarríkja ÖSE-þingsins.

Fund nefndar um stjórn- og öryggismál ávarpaði m.a. Astrid Thors, fulltrúi ÖSE fyrir málefni minnihlutahópa (e. OSCE High Commissioner on National Minorities). Í erindi sínu lagði Thors áherslu á að aðildarríki ÖSE litu sér nær þegar kæmi að mannréttindabrotum gegn minnihlutahópum í stað þess að vera sífellt að gagnrýna önnur ríki. Í kjölfarið fór fram sérstök umræða sem bar yfirskriftina „Fjölþjóðlegt öryggi á ÖSE-svæðinu: Baráttan gegn hryðjuverkum“. Erindi hélt Alexey Lyzhenkov, samræmingaraðili verkefna ÖSE gegn fjölþjóðlegum ógnum (e. OSCE Co-ordinator of Activities to Address Transnational Threats), sem kynnti starf ÖSE á því sviði. Hann sagði helstu áherslur ÖSE síðustu árin hafa verið á að styrkja svæðisbundið samstarf á ÖSE-svæðinu, og efla dómstóla og réttarríkið í aðildarríkjum stofnunarinnar til að koma í veg fyrir og berjast gegn hryðjuverkum og öfgahyggju sem leiddi til hryðjuverka. Það væri gert á grunni áætlunar frá árinu 2012 sem ber heitið OSCE Consolidated Framework for the Fight against Terrorism. Lyzhenkov sagði hlutverk ÖSE-þingsins og þingmanna þess að styðja á virkan þátt við framkvæmd verkefna ÖSE gegn hryðjuverkum og hvetja til samstarfs bæði innan og á milli ríkja á þessu sviði. Þá hefðu þingmenn það mikilvæga hlutverk að stuðla að eflingu alþjóðlegs lagaramma gegn hryðjuverkum.

Fund nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál ávörpuðu m.a. Tomislav Leko, formaður efnahags- og umhverfisnefndar ÖSE og fastafulltrúi Bosníu-Hersegóvínu hjá ÖSE, og dr. Halil Yurdakul Yigitguden sem stýrir verkefnum ÖSE á sviði efnahags- og umhverfismála. Í kjölfarið fór fram sérstök umræða sem bar yfirskriftina „Samstarf til að bæta orkuöryggi og draga úr umhverfislegum og efnahagslegum áskorunum á ÖSE-svæðinu“. Leko kynnti helstu áherslur formennsku Serbíu á sviði efnahags- og umhverfismála sem verða á búferlaflutninga, áhættustjórnun þegar kemur að hamförum,

baráttuna gegn spillingu og peningabætti, orkuöryggi, samgöngumál og áhrif loftslagsbreytinga. Yigitguden sagði nánar frá verkefnum ÖSE á áherslusviðum formennsku Serbíu, þar á meðal útgáfu handbókar ÖSE gegn spillingu vorið 2015 og nýju verkefni sem á að stuðla að vitundarvakningu um þær áhættur sem fylgja svæðum þar sem áður var stunduð úraníumnámuvinnsla á.

Fund nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál ávörpuðu m.a. Isabel Santos, formaður nefndarinnar, og Robert Kvile, formaður nefndar ÖSE um málaflokkinn og sendiherra Noregs hjá stofnuninni. Í kjölfarið fór fram umræða um mannréttindi farandverka- og flóttamanna. Santos ræddi m.a. um nýlega heimsókn sína í fangabúðir Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu og nýja skýrslu nefndarinnar um búðirnar. Hún sagði búðirnar svartan blett í sögunni sem öfgamenn notuðu til að safna nýliðum í sínar raðir. Hún kallaði eftir endanlegri lokun búðanna og hvatti aðildarríki ÖSE til að styðja ferlið með því að taka á móti föngum. Kvile sagði frá áherslum nefndar ÖSE um lýðræðis- og mannréttindamál fyrir árið 2015, sem verða m.a. á skoðana- og tjáningarfrelsi, trúfrelsi, funda- og samkomufrelsi, vernd minnihlutahópa, jafnrétti, dauðarefsingar og mansal. Að mati Kvile ætti nefndin að vera vettvangur skoðanaskipta og til að deila sem bestu starfsvenjum. Hann hefði því hvatt sendinefndir til að skrifa skýrslur að eigin frumkvæði um starf sinna ríkja á sviði nefndarinnar og hvernig þau framfylgdu tilmælum ÖSE.

Á síðari sameiginlegum fundi málefnanefndanna þriggja var sérstök umræða um viðbrögð ÖSE við neyðarástandinu í og í kringum Úkraínu. Fundinn ávörpuðu Heidi Tagliavini, sérlegur fulltrúi formanns ÖSE í málefnum Úkraínu og í þríhliða tengihópi Rússlands, Úkraínu og ÖSE, og Ertugrul Apakan, aðaleftirlitsmaður ÖSE í sérstökum eftirlitsaðgerðum stofnunarinnar í Úkraínu. Tagliavini sagði mikið óvissuástand ríkja í Úkraínu og sá ótti kæmi reglulega upp að ástandið í austurhluta Úkraínu gæti farið algjörlega úr böndunum. Ástandið væri fyrst og fremst mannlegur harmleikur. Ekki væri einungis um austurhluta Úkraínu að ræða, deilan gæti stefnt öryggi og samstarfi í allri Evrópu í hættu. Full framkvæmd Minsk-samkomulagsins væri lykilatriði að lausn deilunnar. Apakan hvatti alla aðila að deilunni til að viðurkenna að þær skuldbindingar sem fælust í Minsk-samkomulaginu væru ekki túlkunaratriði, það væri aðeins eitt Minsk-ferli.

Sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins á sviði jafnréttismála, dr. Hedy Fry, ávarpaði einnig síðari sameiginlegan fund málefnanefndanna. Hún sagði breytingar á úreltum og óskilvirkum kerfum lykilinn að því að fá breytingar í gegn á sviði jafnréttismála. ÖSE-þingið ætti að þrýsta á kerfisbundnari og skilvirkari aðferðir til samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða í aðildarríkjum ÖSE. Hægt væri að ná þessu markmiði í gegnum verkefnið Helsinki +40 verkefnið, en svo nefnist endurskoðunar- og umbótaferlið sem fer nú fram hjá ÖSE í tilefni 40 ára afmælis stofnunarinnar árið 2015, og með því að auka pólitískan vilja til þess að innleiða viðauka við jafnréttisáætlun ÖSE frá árinu 2004. Viðaukinn var fyrst lagður fram á fundi ráðherraráðs ÖSE haustið 2014 en hefur ekki verið samþykktur.

Á fundi stjórnarnefndar ÖSE-þingsins var m.a. rætt um þá ákvörðun framkvæmdastjórnar þingsins að hafna tilnefningu rússneska þingsins á Olgu Kovitidi til setu í landsdeild Rússlands hjá stofnuninni, en Kovitidi situr í efri deild rússneska þingsins fyrir hönd Krímskaga. Í rökstuðningi kjörbréfanefndar ÖSE-þingsins segir m.a. að þingmenn sem tilnefndir séu til setu á ÖSE-þinginu verði að vera fulltrúar landsins sem tilnefnir þá en ekki yfirvalds innan þess lands sem sett hefur verið upp á erlendu yfirráðasvæði á máta sem yfirgnæfandi meiri hluti aðildarríkja ÖSE telur ólöglegan. Pétur H. Blöndal, sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE, sendi í fjarveru sinni stjórnarnefnd skriflega skýrslu um störf sín. Í henni ítrekaði hann gagnrýni sína á fjárhagsáætlun ÖSE fyrir árið 2015, þar á meðal aukin framlög til skrifstofu ÖSE í Vín á kostnað framlaga til vettvangsskrifstofa.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.oscepa.org](http://www.oscepa.org).